



U S T

Umhverfisstofnun

Deildin til mat og heilbrigðisráðgjafna

Deildin til loftslagsmála

Deildin til loftslagsmála

Deildin til loftslagsmála

Deildin til loftslagsmála

Deildin til loftslagsmála

Deildin til loftslagsmála

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. <u>BS</u>
22 OKT. 2003
54.52
Tilv. <u>UST20030700220</u>

21. október 2003
Tilvísun: UST20030700220/bs

Djúpvegur nr. 61: Eyrarhlíð - Hörtná í Súðavíkurbreppi. Mat á umhverfisáhrifum.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Viðbótargögn um fjörulíf við Hrútey og botndýr við Hrútey bárust með bréfi Skipulagsstofnunar dags. 7. október sl.

Vegagerðin kynnir þrjár mismunandi leiðir Djúpvegar frá Ísafjarðardjúpi að Mjóafirði auk núllkostar:

Núll-kostur. Óbreytt ástand, þ.e. núverandi vegur yfir Eyrarfjall.

Leið 1. Jarðgöng undir Eyrarfjall.

Leið 2. Nýr eða breyttur vegur yfir Eyrarfjall og út vestanverðan Mjóafjörð.

Leið 3. Vegur út Ísafjörð vestanverðan, yfir Reykjarfjörð, yfir Vatnsfjarðarháls og yfir Mjóafjörð.

Vegagerðin leggur til að vegurinn verði lagður skv. leið 3 og kynnir fjóra valkosti á þeirri leið:

1. Núverandi vegstæði við Bjarnarstaði notað.
2. Nýtt vegstæði nær sjó undir Svansvíkurhjalla.
3. Vegur fyrir Reykjarfjörð.
4. Frá Vatnsfirði til Skálavíkur um Vatnsfjarðarnesið.

Nýr vegur yfir Eyrarfjall hefði að áliti Náttúrustofu Vestfjarða mikið rask í för með sér. Að öllum líkindum yrðu enn frekari framkvæmdir á þessu svæði innan fárra ára, þar sem nýr vegur mun ekki uppfylla kröfur um örugga vetrarumferð um Eyrarfjall. Umhverfisstofnun telur að leita eigi sem "varanlegastra" lausna þegar að framkvæmdum kemur til að forðast ónauðsynlegt rask. Því verður ekki fjallað um veg yfir Eyrarfjall, nema að Skipulagsstofnun óski þess sérstaklega. Í eftirfarandi umsögn verður því eingöngu fjallað um leið 3 og valkosti við þá leið.

Svansvíkurháls-Laufskálaeyri (milli stöðva 15750 og 20500)

Á þessum kafla fyrirhugar Vegagerðin að þvera Reykjarfjörð frá Laufskálaeyri við

vestanverðan Reykjarfjörð að Seleyrum á utanverðu Reykjanesi og að nýr Djúpvegur verði lagður eftir Reykjanesi vestanverðu að núverandi vegi á Svansvíkurhalla.

Allt Reykjanes norðan Rauðagarðs er á náttúruminjasrá (svæði nr. 321). Hér er eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Einnig sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfur og fjölskrúðugt fuglalíf. Hverir og aðrar heitar uppsprettur skulu jafnframt njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að svæðið hafi mikið verndargildi og að mikilvægt sé að vernda það sem eina heild.

Reykjanes er einungis um fjórir km að lengd og um 800 m breitt þar sem það er breiðast. Nú þegar hefur stórum hlutum nessesins verið raskað vegna mannvirkjagerðar. Auk núverandi vegar sem liggur um nesið endilangt að austanverðu og flugbrautar á sömu slóðum eru á neginu norðanverðu: gistihús, sundlaug, bryggja, gömul fiskeldisstöð ofl.

Með því að leggja Djúpveg eftir vestanverðu Reykjanesi væri enginn hluti nessesins óraskaður og telur Umhverfisstofnun að hætta sé á að röskun vegna mannvirkjagerðar og ónæði vegna aukinnar umferðar muni hafa neikvæð áhrif á gróðurfur og sérstaklega á fuglalíf á Reykjanesi. Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um gróðurfur á nýju vegstæði frá Eyri að Hörtná (bls. 19) segir m.a.: "Hraðvirkustu og sýnilegustu áhrifin (vegna vegalagningar um Reykjanes) yrðu líklega á fuglalíf. Nesið er mjög mjótt og því myndi vegurinn valda mikilli truflun á fuglalífi bara vegna umferðarinnar sem eykst, sérstaklega á varptíma og einnig færur þungir og háværir bílar um svæðið".

Í ofangreindri skýrslu er að finna lýsingu á fuglalífi á fyrirhuguðu vegstæði á Reykjanesi (bls. 18): "Reykjanes er mikil fuglaparadís, gróðurskoðari var umkringdur fuglum allan skoðunartímann; spóar, þúfutittlingar og kjóar voru áberandi allan daginn, fyrir utan sandlóur, sendlinga, stelka, heiðlóur, endur, lóm, óðinshana ofl."

Auk beinna áhrifa af vegagerð á gróðurlendi, þ.e. það svæði sem fer undir veg og raskað verður vegna efnistöku, eru áhrif vegagerðar á gróðurfur og þá sérstaklega votlendisgróður m.a. vegna áhrifa framkvæmda á vatnsmiðlun. Mögulegt er að skeringar gætu raskað klettahöftum sem halda við jarðvatn og þar með raskað náttúrulegum vatnsbúskap viðkomandi svæðis.

Ekki er ljóst hvernig bregðast á við aukinni umferð og ágangi á Reykjanesi og gæti því verið veruleg hætta á að sammögnun áhrifa vegna framkvæmda, aukinnar umferðar og ágangs á viðkvæmu svæði gæti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Vegur fyrir Reykjarfjarðarbotn

Umhverfisstofnun telur veg fyrir Reykjarfjörð vera vænlegri kost, en veg um Reykjanes. Auk mögulegra umhverfisáhrifa af vegagerð um Reykjanes myndi fyrirhuguð náma ofan Laufskálaeyrar minnka verulega og þar með þau sjónrænu áhrif sem fylgja myndu efnistöku á þessum stað. Einnig yrði um minni áhrif á gróður að ræða þar sem fyrirhugaður vegur myndi að mestu fylgja núverandi vegi.

Sveinhúsanes-Vatnsfjörður (milli stöðva 22600-24000)

Á þessum kafla verður fyrirhugaður vegur norðan við núverandi veg austan Vatnsfjarðaróss og færast því úr votlendi sem núverandi vegur klýfur. Umhverfisstofnun telur að fjarlægja ætti núverandi veg á þessum kafla milli stöðva 22600-24000.

Fyrirhugað er að byggja nýja brú neðan núverandi brúar. Þegar núverandi brú var byggð var eiði sem brúin stendur á grafið út þannig að sjór átti greiðari leið upp í Sveinhúsavatn og það jafnvægi sem verið hafði milli ferskvatns og saltvatns í Sveinhúsavatni raskaðist. Þetta olli umtalsverðri röskun á lífríki vatnsins. Nú leggur Vegagerðin til að samhliða byggingu nýrrar brúar verði steiptur "þröskuldur" í ósinn þannig að innstreymi sjávar í vatnið minnki og stefnt verði að því að ná fyrra seltuhlutfalli í vatninu.

Umhverfisstofnun telur að fjarlægja ætti steypa stíflu úr útfalli vatnsins ef mögulegt er og jafna út hryggjum og gördum sem ýtt hefur verið upp í og við ósinn.

Vatnsfjörður-Skálavík (milli stöðva 24000-28700)

Milli stöðva 26900-27500 mun fyrirhugaður vegur fara yfir jaðar gróðurlendis þar sem vex hrísastör, sem er á válista og talin í "yfirvofandi hættu". Umhverfisstofnun telur mikilvægt að búsvæði hrísastarar verði ekki raskað við framkvæmdirnar. Jafnframt telur stofnunin að á þessu svæði skuli afmarkað sérstaklega búsvæði plöntunnar þar sem vegurinn liggur næst því og að tryggt verði að ekkert rask verði utan framkvæmdasvæðis. Einnig er æskilegt að reynt verði að lágmarka skerðingu á vatnsmiðlun á þessum hluta Djúpvegar.

Skálavík-Hörtná (milli stöðva 28700-31300)

Á grundvelli útreikninga með straumlíkani telur Vegagerðin að 100 m löng brú yfir Hróteyjarsund muni hafa minniháttar áhrif á vatnsskipti í Mjóafirði (Snorri Páll Kjarran og Sigurður Lárus Hólm 2002: Sraumlíkan af Mjóafirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Verkfræðistofan Vatnaskil). Á þeim forsendum telur Náttúrustofa Vestfjarða að áhrif framkvæmdarinnar verði hverfandi á botndýralíf í Mjóafirði.

Þær fjörugerðir sem fyrir áhrifum verða í Mjóafirði eru algengar á Vestfjörðum og telur Náttúrustofa Vestfjarða að einungis lítil kafi fjörunnar í Mjóafirði muni eyðileggjast vegna framkvæmdarinnar. Því telur Náttúrustofa Vestfjarða að áhrif framkvæmdarinnar á fjörur verði að teljast lítil.


Náttúrustofa Vestfjarða telur að á vegstæði í Mjóafirði og Hrótey sé ekki að finna "heildstæð gróðurhverfi sem beri að friða". Með hliðsjón af ofansögðu er ekki líklegt að vegagerð í Mjóafirði hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Hins vegar liggur fyrirhugaður vegur á austurströnd Mjóafjarðar um votlendisrana sem mun raskast vegna veglagningar. Umhverfisstofnun styður þær hugmyndir Náttúrustofu Vestfjarða að sem mótvægiságerð verði mokað ofan í framræsluskurði við vegsvæðið á austurströnd Mjóafjarðar.


Efnistaka: Að mati Umhverfisstofnunar hefði mátt gera gleggri grein fyrir frágangi einstakra efnistökusvæða en gert er í matsskýrslunni. Stofnunin minnir á að leggja verður fram áætlun um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er veitt, sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þar sem m.a. er gerð grein fyrir frágangi efnistökusvæða sbr. 49. gr. laganna.

Núverandi vegur: Umhverfisstofnun telur að fjarlægja eigi þá kafla af núverandi vegi sem ekki nýttast landeigendum eða Vegagerðinni ef unnt er að fella vegsvæði að umhverfi svo vel sé. Ef hlutar núverandi vegar verða látnir standa ætti að jafna niður kanta þannig að hann verði minna áberandi í landi.

Niðurstaða: Umhverfisstofnun telur að vegur eftir vestanverðu Reykjanesi gæti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, en valkostur 3 með vegi fyrir Reykjarfjörð myndi ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson


Gunnar S. Jónsson